



Yfirlýsing um sjálfbærniáhættu

Júlí 2024

Yfirlýsing um sjálfbærniáhættu

Skjali þessu er ætlað að lýsa því hvernig eignastýring Arion banka (þ.e. eignastýring fagfjárfesta og einkabankajónusta, hér eftir „Eignastýring“) innleiðir greiningu og mat á áhættuþáttum tengdum sjálfbærni í fjárfestingarákvarðanaferli og fjárfestingarráðgjöf. Reglugerð (ESB) 2019/2088 um upplýsingagjöf tengda sjálfbærni á sviði fjármálajónustu („SFDR“) skilgreinir áhættu tengda sjálfbærni (e. sustainability risk, hér eftir „sjálfbærniáhætta“) sem atburð eða ástand á sviði umhverfismála, félagsmála eða stjórnarháttanna sem gæti, ef hann gerist, haft raunveruleg eða hugsanleg veruleg neikvæð áhrif á virði fjárfestingarinnar.

Greining á sjálfbærniáhættu

Greining á sjálfbærniáhættu er unnin samhliða mati á annarri fjárhagslegri áhættu og fer fram áður en fjárfestingarákvörðun er tekin eða ráðgjöf veitt. Aðferðin við mat á sjálfbærniáhættu er breytileg eftir því hvaða fjárfestingarkostur á í hlut, enda getur þýðing sjálfbærniáhættu, tímarammi og aðgangur að viðeigandi upplýsingum verið mismunandi á milli einstakra eignaflokka og tegunda fjárfestinga.

Greining bankans nær yfir hinar ýmsu birtingarmyndir sjálfbærniáhættu á einstaka fjárfestingar. Bankinn hugar m.a. að áhrifum raunlægrar áhættu (e. physical risk), þ.e. áhættu sem stafar beint af loftslagsbreytingum, og umbreytingaráhættu (e. transition risk), þ.e. áhættu vegna breytinga á lögum, viðmiðum eða aðgerðum í tengslum við loftslagsbreytingar, á virði og/eða ávöxtun fjárfestingarkosta.

Eignastýring hefur aðgang að upplýsingum til greiningar á sjálfbærniáhættu í fjárfestingarferlinu eða áður en ráðgjöf er veitt. Upplýsingar eru, eftir atvikum, sóttar frá utanaðkomandi greiningarfyrirtækjum til fyllingar innra mati bankans. Við mat á sjálfbærniáhættu stakra verðbréfa er framkvæmd greining á því hvernig sjálfbærniáhætta getur haft áhrif á vöruna. Greiningin byggir, eftir atvikum, á fyrirliggjandi upplýsingum um útgefandann, upplýsingum sem er aflað frá útgefanda og/eða upplýsingum frá utanaðkomandi greiningaraðilum. Við mat á sjálfbærniáhættu sjóða er metið hvernig viðkomandi sjóðsstýringarfyrirtæki horfir til sjálfbærniáhættu í fjárfestingum sínum fyrir hönd sjóðsins. Skorti nauðsynlegar upplýsingar verður kallað eftir viðeigandi upplýsingum frá sjóðsstýringarfyrirtækinu.

Sambætting sjálfbærniáhættu við fjárfestingarráðgjöf og töku fjárfestingarákvarðana

Á grundvelli framan talinnar greiningar framkvæmir Eignastýring mat á því hvernig sjálfbærniáhætta getur komið til með að hafa áhrif á virði eða ávöxtun þeirrar fjárfestingar sem um ræðir hverju sinni. Mat á áhrifum sjálfbærniáhættu á virði eða ávöxtun fjárfestingar er loks borin saman við fjárfestingarmarkmið viðskiptavinar, áður en endanleg fjárfestingarákvörðun er tekin eða fjárfestingarráðgjöf veitt.

Sjálfbærniáhætta þarf ekki að koma í veg fyrir fjárfestingu eða ráðleggingar um að fjárfesta í fjármálagerningi með slíka áhættu. Viðeigandi ráðstafanir vegna óásættanlegrar sjálfbærniáhættu fjárfestingarkosts eru breytilegar eftir atvikum og eðli áhættunnar. Á meðal þeirra ráðstafana sem Eignastýring getur gripið til er að fjárfesta ekki í eða mæla ekki með vöru, minnka vægi vörunnar í eignasafni, eiga viðræður við útgefendur, veita útgefendum aðstoð við að lágmarka áhættu, beita virku eignarhaldi til að tryggja að gripið verði til tilhlýðilegra ráðstafana, o.fl. Mat á sjálfbærniáhættu getur falið í huglægu mati og notkun gagna frá þriðja aðila sem geta verið ófullnægjandi og/eða ónákvæm. Þó matið sé framkvæmt skv. bestu vitund á hverjum tíma er ekki hægt að tryggja að Eignastýring meti rétt áhrif sjálfbærniáhættu á fjárfestingar.

Útgáfa 1.1

10. júlí 2024